

Ed.

384. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta flytja inn nautgripi af brezku holdakyni, til hreinræktar og blendingsræktar hér á landi.

Kaupverð gripanna og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr rikissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, sem standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Vilji ríkisstjórnin nota heimild þá, sem henni er veitt í 1. gr., til innflutnings nautgripa, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands um það, hvert eða hver kyn skal flytja inn, og má þá eigi flytja inn önnur kyn en þau, sem það mælir með.

3. gr.

Nú eru nautgripir fluttir inn í landið samkvæmt heimild í lögum þessum, og gilda þá, eftir því sem við getur átt, öll hin sömu ákvæði um heilbrigði hinna innfluttu gripa, einangrun og sóttvarnir, sem sett eru í lögum nr. 27 8. sept. 1931, svo og ákvæði þeirra laga um brot og sektir.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni til blendingsræktar, og liggja til þess þær ástæður, er nú skal greina.

Með því verði, sem nú er á sauðfjárafurðum, virðist fjárræktin í hinum rýrari og kostaminni sveitum næstum dauðadæmd. Bændur á þessum svæðum verða því að leita annara úrræða, og er þá helzt um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi að auka mjólkurframleiðsluna, en hún svarar illa kostnaði, nema þar, sem að einhverju leyti er hægt að styðjast við mjólkursölu, og í öðru lagi að ala upp nautgripi til slátrunar. Nautakjötsframleiðsla hefir verið tiltölulega litil hér á landi allt til þessa. Eru þó, eins og nú er komið, allvíða góð skilyrði til þess að ala upp nautgripi til slátrunar, og markaður fyrir nautakjöt innanlands nokkuð viss í bæjum, þó einkum í Reykjavík.

Þó ekki sé miðað við annað en innanlandssöluna eina saman, þá benda allar líkur til þess, að það muni í sumum byggðarlögum gefa betri raun að ala upp nautgripi til slátrunar en að halda áfram sauðfjárræktinni. Benda má og á það í þessu sambandi, að forstjóri Sláturfélags Suðurlands, sem vitanlega er allra manna kunnugastur kjötverzluninni hér í Reykjavík, hefir nú upp á siðkastið hvatt bændur á félagssvæðinu, einkum í neðri byggðum Árnes- og Rangárvallasýslna, til þess að leggja meiri rækt við nautakjötsframleiðsluna, en draga heldur saman seglin um fjárræktina.

Þá er það sízt ófyrirsynju, þótt á það sé bent, að ef til vill væru möguleikar á því að fá markað erlendis fyrir gott nautakjöt, er ekki stæði að baki kindakjötsmarkaðinum.

Eins og nú er komið, er meira en helmingur þess kjöts, sem flutt er héðan á erlandan markað, selt frosið til Englands. Það er langt frá því, að þar í landi sé litið á frosið kjöt sem fyrsta flokks vöru. Kælt kjöt og nýtt kjöt er undir venjulegum kringumstæðum í allmiklu herra verði.

Hvað eftir annað hafa verið gerðar tilraunir til þess, síðan farið var að flytja kjöt til Englands, að flytja út kælt kindakjöt, en ýmist hefir kjötið skemmzt eða sala á því ekki tekizt strax, svo að þurft hefir að frysta það, en

slikt hefir haft tilfinnanlegan aukakostnað í för með sér. Af þessum ástæðum hefir verið horfið frá því að flytja annað en frosið kindakjöt á brezka markaðinn.

Um nautakjötið er því aftur á móti svo varið, að það þolir miklu betur geymslu nýtt og ófryst en kindakjötið, og það er tahð alveg öruggt að flytja það með öllu óskemmt í kældu ástandi á erlendan markað.

Þegar þess er gætt, hver verðmunur er yfirleitt í Englandi á nýju kjöti og kældu annarsvegar og frystu kjöti hinsvegar, þá benda allar líkur til þess, að það muni sízt gefa lakari raun að senda þangað kælt nautakjöt en fryst kindakjöt.

Tilraunir hér að lútandi þarf nauðsynlega að gera, og má ekki láta undir höfuð leggjast að koma því sem fyrst í framkvæmd.

Hvort heldur er um að ræða framleiðslu á nautakjöti til sölu innanlands eða á erlendum markaði, þá veldur það óneitanlega miklu um árangur þeirrar viðleitni, hversu tekst um val og kyn gripanna. Hér á landi hefir aldrei verið lögð nein veruleg áherzla á það í nautgriparæktinni að ala upp sérstakt holdakyn. Á hitt hefir verið lögð aðaláherzlan, að ala upp mjólkurkyn.

Viða annarsstaðar er aftur á móti lögð mikil áherzla á það að ala upp bráðþroska holdakyn. Eru Englendingar taldir standa öðrum framur í þessu og því líklegast að leita til þeirra þegar um það er að ræða að fá gripi til slíkra kynbóta.

Telja má líklegt, að 4 kyn gætu komið til greina í þessu sambandi, tvö ensk: stutthyrningar (shorthorn) og Herfurðukyn (Hereford), og tvö skozk: Aberdeen Angus og háfjallakynið (Highland Cattle). Þess vegna er innflutningsheimildin ekki bundin við tiltekið kyn.

Af þessum kynjum er stutthyrningakynið einna frægast, elzt og mest ræktað, bæði sem holda- og mjólkurkyn. Má því búast við, að það sé kröfuharðast um góða meðferð og þoh sízt harðræði.

Herfurðukynið er talið einna bráðþroskaðast allra holdakynja í Bretlandi og það er harðgerðara en stutthyrningar.

Aberdeen Angus er fallett holdakyn, en ekki mikið mjólkurkyn.

Skozka háfjallakynið er efalaust harðgerðast, enda vant útigangi, og kynblendingar af því og hinum kynjunum, sem hér eru nefnd, þykja með ágætum. Þeir kynblendingar eru bráðþroska og kjötið eftirsótt vara.

Um það verður ekkert sagt, hvert þessara kynja myndi reynast hér bezt, og verður, áður en til innflutnings kæmi, að kynna sér það mál eftir föngum. Mundi þá hentugast að fela Búnaðarfélagi Íslands að leita upplýsinga hjá landbúnaðarfélaginu skozka og hafa það í ráðum um innflutninginn. Það var mjög lipurt í öllum leiðbeiningum viðvikjandi innflutningi skozka fjárins, og svo mundi einnig verða um innflutning nauta.

Þetta mál er áreiðanlega þess vert, að því sé gaumur gefinn og að hið opinbera veiti því liðsinni. Það kemur vitanlega ekki til mála, að hér geti verið um að ræða mikinn innflutning í fyrstu. Sjálfsagt er að gera fyrst tilraunir í smáum stíl. Má þá alltaf auka við, ef vel farnast.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um það í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig framkvæmdum skuli hagað.

Þá verður að sjálfsögðu að leggja áherzlu á það, að hinnar ströngustu varfærni sé gætt um heilbrigðisástand þeirra nautgripa, sem til landsins kunna að verða fluttir, og er svo ákveðið í frv., að um heilbrigðiseftirlit, einangrun og sóttvarnir gildi hin sömu ströngu ákvæði og í lögum um innflutning á sauðfé til sláturfjárþóta. Á með því að vera girt fyrir sýkingarhættu.